

Ferðamálaráð Íslands



Icelandic Tourist Board

Alþingi
Erindi nr. P 125/1114
komudagur 21.3.2000

Reykjavík 13. mars 2000

Nefndasvið Alþingis.
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Efni: Vegna erindis Alþingis varðandi umsögn um 386. mál.

Erindið var tekið til umfjöllunar á fundi Ferðamálaráðs í dag. Farið hefur verið yfir frumvarpið með sérstöku tilliti til hagsmuna ferðaþjónustunnar. Bent er á eftirfarandi atriði:

Tekið er fram í viðauka 2 að þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og einnig utan þéttbýlis á verndarsvæðum á láglendi flokkist undir framkvæmdir sem taka beri afstöðu til í hverju tilviki hvort fram skuli fara mat á umhverfisáhrifum. Ekki er ljóst hvað átt er við með þjónustumiðstöð.

Í reynd eru þjónustustofnanir á hálendi og á verndarsvæðum, sem ekki eru mikið meira en snyrtiaðstaða á fjölsóttum ferðamannastöðum, eins konar þjónustumiðstöðvar á þeim svæðum. Það er hins vegar sérkennilegt ef slík mannvirki eru talin hafa sambærileg áhrif og sementverksmiðjur, sem einnig eru taldar upp í viðauka 2. Nauðsynlegt virðist því að skilgreina við hvers konar miðstöðvar er átt, til að forðast að sá mikli kostnaður, sem fylgir mati á umhverfisáhrifum, leggist á minni háttar framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru á fjölsóttum ferðamannastöðum.

Lækjargata 3 • 101 Reykjavík • Sími: 535 5500 • Fax: 535 5501 • Netfang: info@icetourist.is
Lækjargata 3 • 101 Reykjavík • Iceland • Tel: 354-535 5500 • Telefax: 354-535 5501 • E-mail: info@icetourist.is


Strandgata 29 • 600 Akureyri • Sími: 461 2915 • Fax: 461 2729 • Netfang: upplýsingar@icetourist.is
Strandgata 29 • 600 Akureyri • Iceland • Tel: 354-461 2915 • Telefax: 354-461 2729 • E-mail: upplýsingar@icetourist.is

Í tilskipun Evrópusambandsins, sem lagafrumvarpið tekur tillit til, eru vegaf framkvæmdir í viðauka 1, sem fara eiga í mat, miðaðar við hraðbrautir annars vegar og hins vegar við nýja vegi sem eru byggðir með 4 akreinum og 10 km. eða lengri. Í frumvarpinu er miðað við alla vegi sem eru 10 km. eða lengri.

Þessar kröfur eru því mun strangari á Íslandi en í nágrannalöndum og samkeppnislöndum okkar. Þessi viðmiðun hefur það í för með sér að vegaf framkvæmdir við minni háttar vegi, eins og t.d. ferðamannavegi, verða dýrari hér á landi en í samkeppnislöndum okkar. Ferðaþjónustan er mjög háð vegum og vegaf framkvæmdum, ekki síst vegum, sem byggðir eru upp einkum með tilliti til ferðaþjónustu. Slíkir vegir eru sjaldnast þau fjögurra akreina mannvirki, sem skilgreind eru í tilskipun Evrópusambandsins. Hér virðist því verið að gera íslenskri ferðaþjónustu lífið erfiðara en efni standa til.

Virðingarfyllt,

Ferðamálaráð Íslands


Magnús Oddsson
ferðamálastjóri